

Reikningur

100

fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1886 til 31. ágúst 1887. 24. okt.

Tekjur:

	Kr.	Kr.
1. Eptirstöðvar 1. september 1886 :		
a. Innritunarskírteini og konunglegt skuldabrjef	8600,00	
b. Í sparisjóði Reykjavíkur	199,43	8799,43
2. Vextir af innstæðu sjóðsins.		
a, af innritunarskírteini 8400 kr til 11. des. 1886 á 4%	168,00	
b, — konunglegu skuldabrefi 200 kr.	4,00	
c, — innstæðu í sparisjóði	3,26	
d, — innritunarskírteini 8600 kr. til 11. júní 1887 á 3½%	150,50	
e, — þóknun út af rentubreytingu 1¾%	150,50	476,26
	Samtals	9275,69

Útgjöld:

1. Heidursgjafir veittar :		
a. Eiríki bónda Bjarnarsyni á Karlskála í Suðurmúlasýslu	140,00	
b. Oddi bónda Eyjólfssyni á Sámsstöðum í Rangárvallasýslu	140,00	280,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1887 :		
a. Innritunarskírteini Ltr. A. fol. 84	8600,00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	395,69	8995,69
	Samtals =	9275,69

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 24. október 1887.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.

Reikningur

101

yfir tekjur og gjöld landsbókasafnsins árið 1886.

25. febr.

	Kr.	Kr.
1. Eptirstöðvar frá fyrra ári :		
a, kgl. óuppsegjanleg ríkisskuldabref	3650,00	
b, innritunarskírteini Litr. G. Fol. 120	2800,00	
c, í sjóði hjá gjaldkera	59,38	6509,38
2. Ársvextir af innstæðufje til 11. júní 1886 :		
a. af kgl. óuppsegjanlegum skuldabrefum	146,00	
b. — innritunarskírteini	112,00	258,00
3. Styrkur úr landssjóði :		
a. til þess að semja bókaskrá	400,00	
b. — bókakaupa	600,00	
c. — eldiviðar	400,00	1400,00
4. Fyrir seldar bókaskrár		3,50
5. Endurborgaður af landssjóði gjaldliður Nr. 6		99,38
	Samtals	8270,26

101	Gjöld :	Kr.	Kr.
25. febr.	1. Fyrir að semja bókaskrá, raða bókum og merkja bókahyllur		269,50
	2. — keyptar bækur, bókband og flutning á bókum		801,17
	3. — ræsting og þvott		83,20
	4. Til hitunar og aðgjörðar á eldavjel		480,29
	5. — ýmislegs: brjefburðargjalds, aðgjörða o. fl.		11,71
	6. Fyrir að smíða bókaskáp undir skjalasafn, sbr. tekjulið 5.		99,38
	7. Eptirstöðvar:		
	a. kgl óuppsegjanleg ríkisskuldabryf	3650,00	
	b. innritunarskírteini Litr. G. Fol. 120.	2800,00	
	c. í sjóði hjá gjaldkera	75,01	6525,01
		Samtals	8270,26

Reykjavík, 25. febr. 1887.

Eiríkur Briem.

102

Fiskiveiðasamþykkt.

11. okt. Sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu hefur með lögákveðinni hlutdeild af hálfu bæjarstjórnarinnar í Ísafjarðarkaupstað samkvæmt lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjört eptirfylgjandi:

SAMÞYKKT

nm ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum á svæðinu frá Geirhólma að Öskubak innan Ísafjarðarsýslu.

1. grein.

Enginn, sem stundar fiskiveiðar á opnum skipum frá Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað, má eiga lóðir í sjó frá kl. 9 á kveldi til kl. 3 um nætur á tímabilinu frá 1. desbr. til 1. apríl.

2. grein.

Enginn má slægja eða afhöfða nokkra fiskitegund á sjó úti, á hverjum tíma árs sem er.

3. grein.

a) Enginn má hafa neins konar skelfisk til beitu á lóðir á neinum tíma árs fyrir utan línu, sem hugsast dregin úr Arnarneshamri í Snæfjallabryggju, nje fyrir vestan línu, er dregin er úr Álkukletti í Bjarnarnúpi í Hafnasker í Sljettulandi. Á svæðinu fyrir innan þessa línu má ekki hafa skelfisk til beitu á lóðir á tímabilinu frá 1. desbr. til 1. apríl.

b) Enginn má á tímabilinu frá 1. apríl til 15. maí hafa síld til beitu á lóðir á öllu því svæði, er samþykkt þessi nær yfir.

4. grein.

Á tímabilinu, sem um er rætt í 1. grein, má enginn byrja sjóferð til fiskiveiða með lóðum fyrir kl. 3 að morgni; þó nær þessi ákvörðun ekki til þeirra, sem hafa uppsátur fyrir norðan Rit.

5. grein.

Enginn má vísitandi leggja net eða lóðir ofan í veiðarfæri annars manns. Hegningu skal þó því að eins beitt, að skaði hafi af hlotizt.